

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 469/1996 um greiðslu verðmiðlunargjalda af kindakjöti.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er verði svohljóðandi:

Á árinu 1996 skal greiða jöfnun flutningskostnaðar skv. 2. tl. 4. gr. fyrir hvern einfaldan km kr. 1,60 í stað kr. 1,15 að meðaltali á hverja 100 km, sem flutt er umfram 100 km vegalengd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. desember 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

20. desember 1996

Nr. 676

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/1996 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1996.

1. Verðbreytingarstuðull skv. 26. gr.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 36, 2. apríl 1991, um breyting á þeirri grein, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1996. Nemur hann **1,0608** miðað við 1,0000 á árinu 1995.

2. Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir árið 1996.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 11. desember 1996, skal ríkisskattstjóri, auk framangreinds stuðuls, reikna út sérstakan verðbreytingarstuðul fyrir tekjuárið 1996. Þessi verðbreytingarstuðull miðast við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Tekur hann mið af þeirri vísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð 1996 og þeirri sem gildir fyrir janúarmánuð 1997. Nemur hann **1,0207** miðað við 1,0000 árið 1995.

Skattaðila skal heimilt í skattframtali 1997 í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laga nr. 75/1981, sem lýkur á árinu 1996, skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn er með sama hætti og hér að framan greinir.

Reykjavík, 20. desember 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.